

Stjórnarfundur 10 nóvember 1998

Mættir voru Alda, Unnur, Jens og Kristín.

Formaður las upp bréf frá Flugleiðum – boð um 5 daga dvöl á hótelinu á Klaustri.

Bréf um hlaðborð í Ingólfsskála 11. des. – hlaðborðið gæti komið í stað jólagleðinnar. Jólafundurinn verður 11. des..

Leikhúsferð 11. nóvember og 10. desember.

Rósa Traustadóttir kynnir námskeið sem hún heldur um jákvæðni til lífsins.

Hrossið dauðadæmt – Alda sér um að farga hrossinu.

Unni falið að tala við Kristján Þórisson svo við getum fengið nánari upplýsingar um eign okkar í Ölfusinu.

Samþykkt af stjórninni að formaður sendi bréf til bæjarstjórnar Hveragerðis um að hún fái lögfræðing bæjarins til að fylgjast með þeim málum sem eru að gerast með sölu á jarðvarmalandi í fjallendi Ölfuss og gæti réttar eldri borgara í Hveragerði á Eystri Þurá II (norðurbæ) í Ölfusi sem er eign þeirra.

Á ári aldraðra 1999 –gefst sérstakt tilefni til að huga að ýmsu til hagsbóta fyrir eldri borgara –stjórnin vill vera meðvirk í umræðu bæjarstjórnar um mál eldri borgara í Hveragerði á komandi ári. Fundarritari Jens Ásmundss.

26. sept. Ferð til Reykjavíkur og í Húsdýragarðinn, Garðatorgið, Perluna, Kringluna og síðan heim.

Stjórnarfundur 11. september 1998.

Mætt voru Alda, Jens, Unnur, Kristín Jóhannesd.

Legsteinn á leiði Þorláks heitins verður til í næstu viku.

Þurármálið rætt lítillga.

Alda lætur auglýsa jörðina til sölu og leitar tilboða.

Ákveðið að vera í sal Boðans fyrsta mánuðinn og kaupa meðlæti með kaffinu í bakaríinu – fá konu til að sjá um kaffið og þrifin.

Alda hefur samband við bæjaryfirvöld og biður þau um að mæta á 1. opna hús í tilefni af ári aldraðra. Fundarritari Jens Ásmundsson.

Stjórnarfundur heima hjá formanni 1. september 1998

Mætt voru Alda, Jens, Unnur, Kristín Jóns. og Kristín Jóhannesd.

Formaður setti fund.

Húsnæðismál rædd og sitt sýnist hverjum eins og vant er.

Föndrið í vetur, leiðbeinandi Gréta Jónsdóttir og Jónína Valdimarsdóttir.

Jónína verður með gler og leirmunagerð.

Helga Vilmundardóttir kom á fundinn og ræddi um að koma á fimmtudögum, fólk kæmi e.t.v. ekki tvo daga í röð.

Við getum fengið að vera á Hótelinu á fimmtudögum. Ákveðið er að vera þar og kosta 4 skipti kr. 1.000,- hjá Helgu. Byrjað verður 8. október. Fundi slitið. Fundarritari Jens Ásmundsson.

Stjórnarfundur heima hjá formanni 27. ágúst 1998

Mættir voru: Alda, Jens, Unnur og Kristín.

Formaður ræddi ferðir sumarsins, dagsferð á Akranes, ferð til Vestmannaeyja í júlí, gist 2 nætur á Hótel Þórshhamri. Kvöldverður snæddur á Hertoganum.

Skoðunarferð um Heimaey í rútu. Verð kr. 12.100,- pr. mann en félagið greiddi ferðina niður um 6.100,- pr. mann.

Ferð að Kirkjubæjarklaustri 21. ágúst.

Opna húsið 1. miðvikudag í okt. verður á Hótel Björk. Meiri fjölbreytin í föndri rædd. Ólöf verður áfram. Bókband – boðið verður upp á að styrkja fólk í bókband hjá Laufeyju, greitt niður um 5.000,- kr. á mann á námskeiðinu.

Rætt um gönguferðir á fimmtudögum.

Talað um að grilla niður á Þurá.

Péttri falið að reyna sölu dráttarvélarinnar.

Alda talar við Magnús Leopoldsson um að fá tilboð í jörðina, auglýsa hana og ath. með tilboð. Fundarritari Jens Ásmundsson.

Stjórnarfundur 12. maí 1998

Mættir voru: Alda, Jens, Unnur og Jón Helgi.

Akranesferðin ákveðin 16.maí. Eldri borgurum á Skaganum færður blómvöndur við það tækifæri.

Fara á upp í kirkjugarð á þriðjudag.

Vestmannaeyjaferð 1.-3 júlí – ferðin niðurgreidd um kr. 6.000,- á félagsmenn.

Stjórnin býður Péttri Þórarsyni að nýta túnin í sumar – hann hugsar um jörðina og hefur umsjón með henni.

Svavar Marteinsson gaf félaginu kr. 10.000,- fyrir gömlu sláttuvélardrusluna.

Fundarritari Jens Ásmundsson.

Aðalfundur haldinn á Hótel Björk 2. maí 1998

Formaður setti fund og fundarstjóri var Þórður Snæbjörnsson.

Alda sagði frá starfi ársins.

Ólöf stýrði föndrinu.

Nói og Þórður kenndu bridge.

Rætt um ferðir sem farnar voru á árinu.

Skýrsla gjaldkera.

Kirkjuferð fyrirhuguð 17. maí á degi aldraðra.

Jón Helgi taldi eins og fleiri að ekki gengi upp á eldri borgarar séu á vakt í kirkjunni eins og prestur fór fram á.

Þurármálið –

Jón Guðmundsson vill selja og ferðast fyrir vexti að hluta.

Unnur Benediktsd. rakti sögu Þorláks og erfðaskrá hans.

Jón Helgi þakkaði stjórninni fyrir góða stjórn í Þurár-málinu.

Oddgeir talaði um að ganga frá þeim 4 leiðum sem tilheyra Þorláki heitum. Leiðin munu vera eins og moldarflag – verður gert um leið og steinninn verður settur á leiði Þorláks.

Bjarni Eyvindss. hrósaði stjórninni.

Sunna Guðmundsd. benti á fyrirtæki í Rvk. sem tæki að sér að fjarlægja járnarusl.

Tillaga frá Þórði Snæbjörnss. um sölu á Þurá. Ekki verði gengið frá sölu nema eftir aðalfund eða aukaðalfund þar sem sala yrði rædd og samþykkt – tillagan samþykkt samhljóða.

Alla Magga flutti kvæðið Eiginkonuvandræði.

Stjórnarkjör: Alda Andrésd. Kosin formaður, aðrir í stjórn: Jens Ásmundss., Jón Helgi, Kristín, og Unnur Benedikts. Til vara: Þórður Snæbj., Auður Guðbrandsd., Kristín Jóhannesdóttir. Endurskoðendur: Jóna Einarsdóttir og Andrés Bjarnason.

Rætt um ferðir og fleira.

Félagar borgi kr. 600,- í iðgjald ári – samþykkt samhljóða.

Jón Helgi ræddi um kirkjugarðsmál og fleira.

Oddgeir ræddi um fjármál.

Fundi slitið. Fundarritari Jens Ásmundsson.

Stjórnarfundur haldinn 1. maí. Fundarstaðar ekki getið.

Mættir eru: Oddgeir, Jón Helgi, Alda, Kristín og Jens.

Mark frá Þorláki heitnum látið til Gyðu.

Slátturvélatætlu – garmur gefinn til Svavars Marteinsonar.

Ferð ákveðin á Klaustur eða að Skógum í kirkjuvígslu.

Ánægja er með veru okkar á Hótel Björk í vetur eins og allan viðurgjörning og þeim færður blómvöndur að skilnaði. Fundarritari Jens Ásmundsson

Stjórnarfundur heima hjá formanni 17. apríl 1998

Mættir voru: Alda, Jens, Auður, Unnur, Oddgeir og Jón Helgi.

Vorgleðin rædd sem verður á Hótel Örk.

Aðalfund á að halda 2. maí á laugardegi á Hótel Björk.

Ferð farin á Akranes 16. maí – farið frá bankanum.

Jón Helgi býður keyrslu í skoðunarferðinni upp á Skaga.

Messuferð eldri borgara á Kotströnd 17. maí.

Rætt við Hrein Kristófersson um kaup á eldri dráttarvélinni.

Síðasti föndurdagur verður 29. apríl.

Ákveðið að fá Pétur til að gera við og sjá um orgelið sem er niðri á Þurá.

Fundarritari Jens Ásmundsson.

Stjórnarfundur 23. mars 1998. Fundarstaðar ekki getið

Mætt eru Alda, Jens, Oddgeir, Unnur, Kristín og Auður.

Vestmannaeyjaferð verður farin í júlí – kostnaður er rúmlega 11 þúsund fyrir dvölinna í Eyjum – hálf tæði, gisting og skoðunarferð á söfn. Þeir sem vilja geta farið í skoðunarferð í kringum eyjarnar og greiða fargjald sitt sjálfir. Menn greiða sjálfir fargjald sitt með Herjólf.

Dagsferð er fyrirhuguð á Klaustur og kostar rútan kr. 60.000,-.

Ferð á Akranes 16. maí – kaffi og rútan kosta kr. 500,-.

Skoðunarferð í dalinn til Golfklúbbs Hveragerðis stendur til, helst á sunnudagi.

Vorgleðin verður á Hótel Örk. Verð 1.000,- á mann – ýmis skemmtiatriði og Steini Spil.

Farið var að sjá leikritið Feður og syni.

Aðalfundur verður 1. laugardag í maí.

Bréf frá Félagi eldri borgara í Reykjavík – Alda afgreiðir það.

Oddgeir Ottesen gefur það út á fundinum að hann gefi ekki kost á sér til endurkjörs á næsta aðalfundi.

Jens gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Fundi slitið. Fundarritari Jens Ásmundsson.

Stjórnarfundur. Ekki tímasettur.

Mætt eru Alda, Jrens, Oddgeir og Unnur.

Farið verður að sjá kvikmyndina – Titanik – í febrúar.

Boð kom frá eldri borgurum á Akranesi um að koma í skoðunarferð þangað – stjórnin hefur hug á að þiggja það. Fundi slitið. Jens Ásmundsson ritari.

Stjórnarfundur haldinn heima hjá Unni Benediktsd. Ekki tímasett.

Mætt er öll stjórnin og meðstjórnendur.

Alda las upp bréf frá Benedikt Davíðssyni sem er formaður Landssambands

aldraðra – bréfið fjallaði um sumarferðir með afsláttarkjörum.

Bréf barst frá Hrafni Sæmundssyni í Kópavogi – bréfið geymt með öðrum bréfum félagsins.

Bréf frá Karli F. Hafberg með ósk um að kaupa einn hektara í landi Þurár – landið er þinglýst undir bústað og byggðasafn. Karl er búinn að vera með landið á leigu og í erfðafestu hjá fyrrverandi eiganda Þorláki Kolbeinss. – stjórnin hafnaði beiðninni.

Jens ritara félagsins falið að skýra Karli frá því. Fundi slitið. Jens Ásmundsson ritari.